

#### 4. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2018 - 2019 haldinn föstudaginn 1. febrúar 2019 kl.12:00.

Til fundarins voru boðaðir aðalmenn og varamenn í skólanefnd.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steinþór Einarsson varaformaður, Þorgerður Anna Arnardóttir, Sigrún María Jörundsdóttir og Frosti Jónsson. Fundinn sátu einnig Sigrún Fjóra Hilmarsdóttir fulltrúi kennara, Viktor Freyr Ómarsson forseti NFFG og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari sem jafnframt ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

- **Kosning formanns og varaformanns.** Samkvæmt [5. gr. laga](#) um framhaldsskóla skal kjósa formann og varaformann á hverju ári. Áslaug Hulda Jónsdóttir kosin formaður og Steinþór Einarsson varaformaður án mótframboðs.
- **Fjármál skólans.** Fjárhagur skólans er í góðu lagi og betri en hefur verið undanfarin ár. Verkefni á þessu ári er að kaupa stóla í hátíðarsalinn og síðan áfram tæki fyrir bókasafnið. Fjárfest hefur verið í nýju þráðlausu neti, Meriaki, sem er með því besta sem gerist í framhaldsskólum. Samningur var gerður til fjögurra ára um kerfið.
- **Stefnuskjal skólans til þriggja ára.** Endurnýjað á hverju ári og ber að kynna í skólanefnd. Undirbúningur er hafinn að átaki vegna aðstoðar við nemendur af erlendum uppruna. Hópurinn er mjög fjölbreyttur og með mismunandi þarfir fyrir aðstoð. Stefnt er á að koma þessu í ákveðið ferli og framkvæmd sem fyrst.
- **Gjaldskrá skólans.** Endurskoðuð og uppfærð gjaldskrá. Gjaldskráin er hófleg og í samræmi við það sem leyfilegt er. NFFG er ekki með dýrt á sína atburði.
- **Heimsókn ráðherra í FG 10. janúar síðastliðinn.** Vel tókst til og allir ánægðir. Skólinn skoðaður og sérstaklega aðstaða listnáms og sérnámsbrautar. Ráðherra vill töluleg gögn til stuðnings óskum um stækkun á húsnæði skólans. Erindi sent frá bæjarstjórn og skólanefnd í júní 2018 með ítrekun um viðbyggingu fyrir listnám. Í framhaldi heimsóknarinnar fer aftur bréf frá bæjaryfirvöldum og áréttað að svar hafi ekki borist, fyrirhuguð eru greinar skrif í framhaldinu og svo ósk um fund með ráðherra um viðbygginguna.
- **Önnur mál**  
Kynnt var ytra mat sem mun fara fram í FG á vorönn 2019.  
Innihald náms í framhaldsskólum rætt fram og tilbaka. Áhugavert væri að skoða betur hvernig fyrirverandi nemendum okkar reiðir af í háskólanum í ákveðnum fögum.

Fundi slitið kl. 12:56

Lagt er til að næsti fundur skólanefndar verði í mars 2019.

Snjólaug E. Bjarnadóttir